

Ed.

127. Nefndarálit

[12. mál]

um frv. til laga um festingu verðlags og kaupgjalds.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

JJós tekur fram eftirfarandi:

„Meginefni frv. þessa er annars vegar ákvæði um almennt bann við verðhækkunum, hins vegar ákvæði um, að ekki skuli greidd hærri dýrtíðaruppbót á kaup en nemur 78% grunnlauna og verð landbúnaðarafurða í samræmi við það. Ákvæði frv. um verðfestingu eru að því leyti óþörf, að full heimild er til slíkra ráðstafana í eldri lögum, sbr. lög nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Megintilgangur frv. virðist því sá að koma í veg fyrir áframhaldandi verðhækkunar með því að ákveða með lögum, að greitt skuli lægra kaup en launþegum ber samkvæmt gildandi samningum við atvinnurekendur, og lækka verð landbúnaðarvara í samræmi við það. Hér er um gagngera og örlagaríka breytingu að ræða frá núverandi skipun þessara mála, sem grundvallast á frjálsum samningsrétti launþegasamtakanna um kaup og kjör félaga sinna. Tel ég varhugavert að raska þeirri skipan, nema alveg óvenjulegar kringumstæður séu fyrir hendi. Að áliti ríkisstjórnarinnar eru ráðstafanir þessar óhjákvæmilegur undirbúningur síðari aðgerða til úrlausnar efnahagsvandamálunum. Hvort svo sé, verður eigi um dæmt, fyrr en vitað er, hverjar ráðstafanir eru fyrirhugaðar í því efni. En meðan eftir því er beðið, tel ég eftir atvikum rétt, að Alþingi samþykki þessar bráðabirgðaráðstafanir, þótt ég telji meðferð málsins af hálfu ríkisstjórnarinnar mjög gallaða. Það er í samræmi við fyrri afstöðu okkar sjálfstæðismanna, að unnið sé gegn verðbólgu með hverjum þeim úrræðum, sem tiltækileg eru.“

Í tilefni af framanrituðu tekur meiri hl., BSt, BjörnJ og HG, fram:

„Við teljum, að setning bráðabirgðalaganna hafi í engu skert frjálsum samningsrétt alþýðusamtakanna né bændastéttarinnar um kjör sín, þar sem fullt samráð var haft við þessi samtök, áður en löggin voru sett.“

Alþingi, 7. des. 1956.

Bernh. Stefánsson,
form.

Björn Jónsson,
fundaskr., frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson.

H. Guðmundsson.